

Dæmi um auglýsingar hjálparstofnana (1)

Jeni litla fær aldrei að halda upp á afmælið sitt!

Fyrir litla stelpu sem býr á hættulegum götum borgar A, gæti hver dag verið hennar síðasti. En þú getur hjálpað. Styrktu Jeni litlu um einungis 1000 kr. á mánuði. Þessi stuðningur mun útvega henni nóg að borða, föt, skólagjöld og heilsuvernd.

Hún gæti jafnvel lifað til að halda upp á næsta afmældisdaginn sinn.

Mira lifði af borgarastríð. Nú á hún á hættu að deyja úr hungri.

Myndir þú gefa 1000 kr. til þess að halda henni á lífi?

Þitt framlag um aðeins 1000 kr. mun útvega mánaðarbirgðir af matvælum til hungraðs flóttamannabarns í landi B.

Sendu framlag þitt í dag. Tími Miru er að renna út.

Hjálpaðu þeim að hjálpa sér sjálfum.

Áveituverkefni AAA-stofnunarinnar í landi X hefur umbreytt þurrkhrjáðu landi í blómstrandi búgarðir. Þorpsbúarnir í þorpi XX framleiða nú nær 75% af mat sínum sjálfir.

Þetta er vinnusamt og harðduglegt fólk sem vill vera 100% sjálfbjarga. Hjálpið þeim að láta þennan draum sinn rætast.

Styðjið stækkun áveituverkefnisins. Gefið til AAA-stofnunarinnar í dag.

25 krónur gætu bjargað lífi hans.

Út um allan heim eru börn eins og Tomi að deyja úr vökvaskorti. Þessi kvilli, sem er afleiðing niðurgangs, er ein af helstu dánarorsökum barna í þróunarlöndum. Fyrir aðeins 25 krónur er hægt að kaupa pakka með einfaldri blöndu af salti og sykri sem hjálpa við upptöku vatns – þetta getur bjargað lífi Tomi.

Ef 25 kr. geta bjargað Tomi þá geta 2.500 kr. bjargað 100 börnum. Þetta er svo einfalt.

Dæmi um auglýsingar hjálparstofnana (2)

Hugsaðu um hvernig þú býrð. Á heimili þínu getur þú nálgast hreint rennandi vatn á hverjum degi. Þú nýtur nægs rafmagns til að elda og hita húsið. Skáparnir eru fullir af næringarríkum mat og þú átt peninga til þess að kaupa meira úti í kjörbúð.

Hugsaðu nú um hvernig milljónir manna annars staðar í heiminum lifa. Þær berjast á mótí sjúkdómum sem eru afleiðing af óhreinu vatni. Þær þurfa að ganga marga kílómetra til að safna saman spýtum í eldivið fyrir matreiðslu. Hungur og vannæring valda því að of mörg líf enda sorglega snemma.

Vilt þú ekki gefa – bara smávegis – til þess að hjálpa þeim sem eru svo illa staddir?

Anna er fædd og uppalin í landi C. Í dag er hún verkefnastjóri fyrir XYZ-stofnunina. Anna segir okkur frá starfi sínu:

„Fyrsta verkefni mitt fyrir XYZ var að vinna með fólkinu í þorpi CC að undirbúningi fyrir byggingu skólahúsnæðis. Gamla byggingin var orðin allt of lítil og þakið lak þegar rigndi.

XYZ útvegaði fjármagn fyrir byggingarefni. Þorpsbúarnir útveguðu vinnuaflið. Þvílík afrekstilfinning þegar þakið var sett upp!

Fjöldi barna sem ganga í skólann í þorpi CC hefur nú tvöfaldast. Fleiri stúlkur eru skráðar í skólann en nokkurn tíma áður. Mér líður svo vel vitandi það að með hjálp menntunar munu fleiri af þeim fá sömu starfstækifæri og ég fékk.

Við eigum enn langt í land með að bæta menntun í heimalandi mínu. Of margir halda enn að staður stúlkunnar sé inni á heimilinu, ekki í skólanum. Börn eru of oft tekin úr skóla til þess að hjálpa til við búskapinn. Þetta á sérstaklega við um þessar mundir þar sem slæmt veður hefur orsakað allnokkur slæm uppskeruár.

En bygging skólans í þorpi CC hefur leitt til þess að margir foreldranna hafa tekið meiri þátt í menntun barna sinna. Ég vona að ég muni verða hluti af fleiri verkefnum eins og þessu með XYZ-stofnunni.“